

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/02

frá 3. janúar 2005

um breytingu á ákvörðun 2001/881/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 5598)

(2005/13/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB ⁽³⁾ er ákvarðað hversu oft framkvæmdastjórnin skuli framkvæma skoðanir á skoðunarstöðvum á landamærum í Bandalaginu, einkum að því er varðar grunnvirki, búnað og það starf sem fer fram á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

- 3) Frá því að samhæfðir staðlar fyrir aðstöðu í skoðunarstöðvum á landamærum voru innleiddir með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB ⁽⁴⁾, hefur meirihluti skoðunarstöðva á landamærum nú uppfyllt lágmarkskröfur að því er varðar slíka aðstöðu.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 6. gr.,

- 4) Árangursríkt eftirlit með innflutningi veltur bæði á því að videigandi aðstaða sé fyrir hendi og á skilvirkri framkvæmd þeirra verklagsreglna sem mælt er fyrir um í löggjöf um heilbrigðiseftirlit með dýrum og skal framvegis lögð höfuðáhersla á síðarnefnda atriðið í skoðunarferðum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að viðhalda öruggum landamærum til að koma í veg fyrir aðflutning lífvera sem hugsanlega geta verið skaðlegar heilbrigði dýra og manna og skal Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar hafa eftirlit með rétttri framkvæmd löggjafar Bandalagsins.

- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 745/2004 ⁽⁵⁾ um ráðstafanir varðandi innflutning afurða úr dýraríkinu til einkaneyslu veitir aðildarríkjunum lagaramma til að sinna eftirliti við alla komustaði til Bandalagsins til viðbótar við eftirlit á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt fyrirkomulagi dýraheilbrigðiseftirlitsins; slíkt eftirlit utan skoðunarstöðva á landamærum ætti einnig að vera undir eftirliti Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtuð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/608/EB (Stjtuð. ESB L 274, 24.8.2004, bls. 15).

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 306, 23.11.2001, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 122, 26.4.2004, bls. 1.

- 6) Tíðni og umfang skoðunarferða Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar til að meta innflutningseftirlit í skoðunarstöðvum á landamærum aðildarríkjanna á grundvelli áhættunnar fyrir heilbrigði dýra og manna í Bandalaginu, að teknu tilliti til allra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, þ.m.t. viðskiptavenjur í Bandalaginu, tiltækar tölfræðilegar upplýsingar samkvæmt dýraheilbrigðislöggjöf, niðurstöður fyrri skoðunarferða skrifstofunnar, hugsanlegir erfiðleikar og allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.
- 7) Breyta ber ákvörðun 2001/881/EB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 2. gr. ákvörðunar 2001/881/EB komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis skulu framkvæma reglulegar skoðanir í aðildarríkjunum í samvinnu við sérfræðinga frá aðildarríkjunum til að ganga úr skugga um hvort farið sé að löggjöf Bandalagsins um innflutningseftirlit á skoðunarstöðvum á landamærum sem skráðar eru í viðaukanum. Skoðunarferðirnar miða að því að meta áhættuna fyrir heilbrigði dýra og manna í Bandalaginu og taka til allra þátta framkvæmdar löggjafar Bandalagsins um eftirlit með innflutningi dýra, þ.m.t. grunnvirki, búnaður og verklagsreglur.

2. Framkvæmdastjórnin getur einnig, að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki og með tilliti til heilbrigðis dýra og manna, lagt mat á eftirlit með innflutningi og persónulegum farangri farþega á öðrum komustöðum sem ekki eru skráðir sem skoðunarstöðvar á landamærum.

3. Skoðanir sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis byggjast á mati á öllum viðeigandi þáttum sem lýst er í 4. mgr. og hugsanlegri áhættu og afleiðingum þessara þátta fyrir heilbrigði dýra og manna í Bandalaginu.

4. Þegar framkvæmdastjórnin skipuleggur skoðanir Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar fastsetur hún hvar og hversu oft þær eiga sér stað, að teknu tilliti til fyrri skoðana í aðildarríkjunum, gagnanna sem safnað hefur verið samkvæmt Traceskerfinu, upplýsinga frá aðildarríkjum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 745/2004 og eftirfarandi færíbreytna:

- megin- og eiginlegra viðskiptavenja sem varða öll aðildarríki, þ.m.t. gerð og tegund dýra eða viðkomandi vara og upprunaland þeirra,
- viðeigandi upplýsinga um mögulegan, ólöglegan innflutning og hugsanlega áhættu á að sjúkdómar berist,
- upplýsinga sem tiltækar eru samkvæmt hraðviðvörðunarkerfinu,
- annarra upplýsinga sem kunna að skipta máli.

5. Ár hvert skal framkvæmdastjórnin senda aðildarríkjunum eintak af skoðunarskýrslu um allar skoðunarstöðvar á landamærum, sem hafa verið heimsóttar síðustu tólf mánuði, ásamt skýrslu um framvindu almenns ástands á viðkomandi skoðunarstöðvum.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.